



Húseigendatrygging íbúðarhúsnæðis

Skilmáli nr. GF15

Tryggjandi er VÍS tryggingar hf., kt. 670112-0470, hér eftir nefnt „VÍS“.

Um trygginguna gildir:

- Skírteinið ásamt áritunum og sérskilmálum.
- Skilmáli þessi nr. GF15.
- Almennur skilmáli VÍS nr. YY10.
- Lög um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Skírteini og endurnýjunarkvittun ganga framur skilmálum. Skírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálar ganga framur frávikjanlegum lagaákvæðum.

Húseigendatrygging veitir vernd gegn óvæntum og skyndilegum atburðum sem leiða til tjóns á fasteignum.

Skilmáli segir til um hvaða réttindi og skyldur þú og VÍS hafið.

Skírteini staðfestir að þú hafir keypt tryggingu hjá VÍS. Skírteinið er aðgengilegt með því að skrá sig inn á vis.is.

I. Almenn ákvæði

1. Hver er tryggður?

1.1 Eigandi húseignar er tryggður.

2. Sérstakar takmarkanir

2.1 Tryggingin bætir ekki tjón eða aukningu á tjóni sem beint eða óbeint hlýst af eða er af völdum jarðskjálfta, eldgoss, skriðufalls, snjóflóðs eða annarra náttúruhamfara.

II. Húseignin og afnotamissir íbúðarhúsnæðis

3. Hvað er tryggt?

3.1 Tryggingin tekur til húseignar þeirrar eða hluta húseignar sem tilgreind er í skírteini eða endurnýjunarkvittun og venjubundins fylgifyrirlýsing hennar, enda hafi verið tekið tillit til þeirra í brunabótamati skv. matsreglum brunabótamats á hverjum tíma.

3.2 Tryggingin tekur einnig til fasttengdra hleðslustöðva fyrir rafmagnsbíla þó þær séu ekki hluti af brunabótamati húseignar.

4. Hvað bætir tryggingin?

Tryggingin tekur til eftirfarandi atburða/atvika:	Hvað bætir tryggingin?	Hvað bætir tryggingin ekki?	Varúðarreglur
4.1 Vatn, gufa og olía	<p>a) Tjón vegna vatns, gufu og olíu, sem óvænt og skyndilega streymir úr leiðslum húseignar og á upptök innan veggja hennar. Tryggingin greiðir kostnað við uppbot og rask sem óhjákvæmilegt er til þess að stöðva leka, svo og frágang að nýju vegna slíkra aðgerða, þannig að húseign sé í sama og eigi verra ástandi en hún var fyrir tjónið. Bætur fyrir uppbot og rask að öðru leyti en því að stöðva leka greiðast ekki.</p> <p>b) Tjón vegna vatns úr leiðslum í sameign eða sameiginlegum leiðslum húseignar í hlutfalli við eignarhluta tryggðs í húseigninni.</p> <p>c) Tjón vegna vatns sem streymir óvænt og skyndilega úr</p>	<p>g) Tjón vegna utanaðkomandi vatns, annað en greinir í f) lið þessarar greinar, svo sem:</p> <p>i. Vegna grunnvatns eða flóða frá sjó, stöðuvatni, ám eða lækjum</p> <p>ii. Vegna vatns frá svölum, þökum, þakrennum eða frárennslisleiðslum þeirra.</p> <p>iii. Vegna úrkomu sem berst inn um þak eða vegg, nema af völdum bótaskylds foktjóns.</p> <p>h) Tjón vegna vatns sem þrýstist upp úr skolp- eða frárennslisleiðslum, eða ef skolpleiðslur geta</p>	<p>n) Tryggður skal sjá til þess að lokað sé fyrir vatnsaðstreymi í úpphitaðri húseign og vatnslagnir tæmdar þegar hættu er á frosti til að fyrirbyggja frostskenmdir.</p> <p>o) Tryggður skal sjá til þess að niðurföll séu í lagi með því að hreinsa frá þeim til að fyrirbyggja söfnun yfirborðsvatns.</p>

Eingöngu eru bætt tjón þar sem leki er óvæntur og skyndilegur. Ekki ef hann er tilkominn vegna ónógs viðhalds á meðal annars fúgum eða kittun.



Tryggingin tekur til eftirfarandi atburða/atvika:	Hvað bætir tryggingin?	Hvað bætir tryggingin ekki?	Varúðarreglur
	<p>vatnsrúðum eða fiskabúrum vegna bilana.</p> <p>d) Tjón vegna vatns sem flæðir úr hreinlætistækjum, vatnskrönum, uppþvotta- og þvottavélum vegna mistaka eða óvæntra og skyndilegra bilana á tækjunum.</p> <p>e) Tjón vegna vatns sem lekur óvænt og skyndilega frá frystikistum og kælikápum.</p> <p>f) Tjón vegna utanaðkomandi yfirborðsvatns sem flæðir inn um glugga- og hurðaoop á tryggingarstað vegna skyndilegrar úrhellisrigningar (skýfalls) eða snjóbráðar (asahláku) og vatnsmagn verður svo mikið að frárennslisleiðslur ná ekki að flytja það frá. Hafa skal til hliðsjónar við ákvörðun bótaskyldu hvort almennt eignatjón hafi orðið í nágrenni tryggingarstaðar vegna sama tjónsatburðar.</p>	<p>skyndilega ekki flutt allt það vatn er að berst, þó með þeirri undantekningu ef leiðsla stíflast eða springur innanhúss.</p> <p>i) Tjón á þeim hlut eða hlutum er tjóninu ollu, svo sem sjálf rörin eða vinnu við lagfæringu eða endurlögn þeirra.</p> <p>j) Tjón vegna grunnlagna sem eru missignar, morknar eða hafa á annan hátt hrörnað af notkun eða ónógrri undirbyggingu. Þó bætist beint vatnstjón sem verður á húseigninni ef slík lögn stíflast og flæðir frá henni upp fyrir botnplötu.</p> <p>k) Tjón vegna lagna utan veggja húseignar, s.s. heimtaugar, lagnir að heitum pottum og snjóbræðslukerfi.</p> <p>l) Tjón sem hlýst af langvarandi raka eða vatnsleka og tjón vegna myglu eða sveppagróðurs, þrátt fyrir að það teljist vera afleiðing bótaskylds tjónsatburðar.</p> <p>m) Tjón sem rekja má til eðlilegs slits, svo og tjón sem eingöngu veldur útlitsgalla en rýrir ekki notagildi.</p>	
4.2 Frostsprungur	<p>a) Tjón vegna frostsprungna á innanhúss vatnsleiðslukerfi húseignar, sem verður við það að hitakerfi húseignar bilar óvænt og skyndilega. Hér undir falla snjóbræðslukerfi sem eru innan veggja húseignar, t.d. snjóbræðslukerfi sem liggja á svölum og í stíggöngum. Snjóbræðslukerfið verður að vera lokað og með frostlegi á.</p>	<p>b) Tjón á snjóbræðslukerfum utan veggja húseignar.</p> <p>c) Tjón sem rekja má til eðlilegs slits, svo og tjón sem eingöngu veldur útlitsgalla en rýrir ekki notagildi.</p>	<p>d) Tryggður skal sjá til þess að lokað sé fyrir vatnsaðstreymi í óupphitaðri húseign og vatnslagnir tæmdar þegar hættu er á frosti til að fyrirbyggja frostskemdir.</p>
4.3 Innbrot eða innbrotstíraun	<p>a) Tjón vegna innbrots eða innbrotstíraunar.</p>	<p>b) Tjón sem rekja má til eðlilegs slits, svo og tjón sem eingöngu veldur útlitsgalla en rýrir ekki notagildi.</p>	<p>c) Tryggður skal sjá til þess að húseign sé alltaf læst og öllum gluggum lokað.</p>
4.4 Gler	<p>a) Tjón á gleri og vegna brots á gleri, eingöngu þegar það brotnar eftir að það er ísett eða því er á annan hátt endanlega komið fyrir á þeim stað sem því var ætlað að vera á og svo lengi sem það er á sama stað.</p>	<p>b) Tjón á gleri vegna byggingarframkvæmda eða viðgerða utanhúss á þeirri húseign sem hið tryggða gler er í, nema um sé að ræða venjulegt viðhald svo sem málun.</p> <p>c) Tjón vegna viðhalds eða aðgerða sem eru framkvæmdar á glerinu, ramma þess eða umhverfi.</p> <p>d) Tjón sem verður á gleri þegar það rispast eða úr því flísast.</p> <p>e) Tjón á gleri í heimilistækjum.</p> <p>f) Tjón á gleri í skjólveggjum og girðingum.</p> <p>g) Aukið verðgildi glers s.s skreytingar og filmur eða þegar þurft hefur að blybræða eða blyleggja það í samsetningu eða á annan sambærilegan hátt. Í þessum tilvikum er glerið bætt eins og um venjulegt slétt gler væri að ræða.</p> <p>h) Tjón vegna móðu á milli glerja.</p>	
4.5 Brot	<p>a) Tjón vegna brots, þegar innréttingar, loftklæðningar eða aðrir hlutar húseignar falla og brotna vegna tilfallandi bilunar.</p> <p>b) Tjón vegna brots á keramikhelluborði, borðplötu, hreinlætistækjum s.s. vöskum, baðkörum, salernisskálum og vatnskössum, eingöngu þegar</p>	<p>c) Tjón á hreinlætistæki og keramikhelluborði vegna viðhalds eða aðgerða sem framkvæmdar eru á tækjunum.</p> <p>d) Tjón á hreinlætistæki og keramikhelluborði vegna þess að tækið rispast eða úr því flísast.</p> <p>e) Tjón á borðplötu vegna þess að hún rispast eða úr henni flísast.</p> <p>f) Aðrar borðplötur en þá sem</p>	



Tryggingin tekur til eftirfarandi atburða/atvika:	Hvað bætir tryggingin?	Hvað bætir tryggingin ekki?	Varúðarreglur
	þau brotna vegna óvæntra og skyndilegra utanaðkomandi atburða eftir að þeim hefur verið komið endanlega fyrir á þeim stað sem þeim var ætlað að vera á og svo lengi sem þau eru á sama stað. Eingöngu er bætt verðmæti keramikhelluborðsins, borðplötunnar eða hreinlætistækjanna sjálfra.	brotna þó þær séu hluti af sömu innréttingu. g) Skemmdir sem ábyrgð seljanda eða uppsetningaraðila nær til. h) Tjón sem rekja má til eðlilegs slits, svo og tjón sem eingöngu veldur útlitsgalla en rýrir ekki notagildi. i) Kostnað við aftengingu, uppbrot eða uppsetningu. j) Fylgihluti sem unnt er að nota aftur.	
4.6 Sótfall	a) Tjón vegna sótfalls sem verður skyndilega og óvænt frá viðurkenndum kynditækjum eða eldstæðum.	b) Tjón vegna sóts eða reys sem safnast hefur smám saman fyrir við notkun. c) Tjón sem rekja má til eðlilegs slits, svo og tjón sem eingöngu veldur útlitsgalla en rýrir ekki notagildi.	
4.7 Skyndilegur snjóþungi	a) Tjón vegna skyndilegs snjóþunga sem sligað hefur þak eða vegg húseignar.	b) Tjón sem rekja má til byggingargalla. c) Tjón sem rekja má til ófullnægjandi viðhalds. d) Tjón sem rekja má til eðlilegs slits, svo og tjón sem eingöngu veldur útlitsgalla en rýrir ekki notagildi.	
4.8 Óveður	a) Tjón vegna óveðurs, þ.e. þegar vindhraði nær 28,5 metrum á sekúndu. Tjón á hinu tryggða vegna úrkomu og sandfoks samfara óveðri bætist því aðeins að vindur hafi rofið þak, glugga eða aðra hluta húseignar. Séu ekki fánlegar viðurkenndar upplýsingar um vindhraða á tjónsstað, þegar tjónið varð, skal hafa til hliðsjónar við ákvörðun um bótaskyldu tryggingarinnar, hvort almennt eignatjón hafi orðið á svæðinu af völdum veðurs er tjónsatburðurinn átti sér stað.	b) Á loftnetum, fánastöngum, girðingum og gróðri. c) Tjón sem rekja má til eðlilegs slits, svo og tjón sem eingöngu veldur útlitsgalla en rýrir ekki notagildi.	
4.9 Loftför	a) Tjón vegna loftfara og hluta sem frá þeim falla.		
4.10 Afnotamissir	a) VÍS greiðir bætur þegar íbúðarhúsnæði skemmist af eldi eða bótaskyldum tjónsatburði úr tryggingu þessari. Skilyrði bóta er að viðgerð er svo umfangsmikil að ekki sé hægt að nota eldunar-, svefn- eða hreinlætisaðstöðu og óhjákvæmilegt er að flytja úr húsnæðinu. b) Bæturnar nema meðalleigu sambærilegs húsnæðis að stærð og ástandi, á þeim stað og tíma sem um er að ræða. Bætur verða þó aldrei hærrí en 0,6% af tryggingarfjárhæð húseignarinnar, að hámarki kr. 500.000, á mánuði. c) Bæturnar greiðast í allt að 6 mánuði frá tjónsdegi, en þó ekki lengur en sem svarar eðlilegum viðgerðartíma með tilliti til skemmda.	d) Tjón vegna afnotamissis sem varir í 3 daga eða skemur.	

5. Háttsemi annarra

- 5.1 Við ákvörðun bótaábyrgðar áskilur VÍS sér rétt til að bera fyrir sig háttsemi maka tryggðs og aðila sem hann býr með í föstu varanlegu sambandi.¹

¹ Sbr. 29. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.



- 5.2 Í atvinnurekstri getur VÍS borið fyrir sig háttsemi stjórnenda tryggðs og umsjónaraðila húseignar.

6. Tryggingarfjárhæð

- 6.1 Tryggingarfjárhæð er miðuð við brunabótamat húseignar eða hluta húseignar og nemur fjárhæð þeirri er kemur fram í skírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 6.1.1 Hafi tryggður viðbótubrunatryggingu húseigna í gildi hjá VÍS hækkar tryggingarfjárhæð samkvæmt gr. 6.1 um fjárhæðina sem tilgreind er í þeirri tryggingu.
- 6.2 Hafi húseign verið stækkuð eða endurbætt umfram venjulegt viðhald skal tryggður óska eftir endurmati á brunabótamati.

7. Ákvörðun bóta

- 7.1 Bætur skulu miðaðar við verðmæti á tjónsdegi. VÍS er heimilt að afskrifa verðmæti vegna aldurs, notkunar og annarra atriða sem geta haft áhrif á verðmæti þess sem skemmdist.
- 7.2 Þrátt fyrir gr. 7.1 geta afskriftir af parketi ekki orðið meiri en 5% á ári eftir að parket er orðið 5 ára gamalt. Afskriftir geta þó aldrei orðið meiri en 70%. Komi til tjóns á gólfefnum eru aðeins greiddar bætur fyrir gólfefni í því rými sem tjón verður. Ekki þurfa að vera til staðar þröskuldar eða hurðir til að afmarka rými.
- 7.3 Ef unnt er að gera við það sem skemmdist vegna tjóns þannig að ástand húseignar verði svipað og fyrir tjón og viðgerð borgar sig að mati VÍS, getur VÍS annað hvort greitt tryggðum áætlaðan viðgerðarkostnað eða látið gera við húseign á kostnað VÍS.
- 7.4 Ef ekki er unnt að gera við það sem skemmdist eða það borgar sig ekki að mati VÍS, getur VÍS greitt bætur í peningum eða útvegað sambærilegan hlut og varð fyrir tjóninu. Hafi VÍS greitt bætur samkvæmt þessari grein áskilur það sér rétt til að gera tilkall til hlutarins sem skemmdist.
- 7.5 Skemmist húseign það mikið að ekki er unnt að gera við hana eða það borgar sig ekki að mati VÍS, getur VÍS greitt bætur í peningum sem nema andvirði brunabótamats að frádregnu því verðmæti sem eftir stendur í húseigninni.
- 7.6 Bætur vegna tjóns á sameign eru miðaðar við eignarhlut tryggðs í húseigninni.
- 7.7 Tryggður skal ekki hagnast á tjónsatburði. Tryggingin skal einungis bæta raunverulegt tjón tryggðs.

III. Ábyrgðartrygging

8. Hvenær gildir tryggingin?

- 8.1 Tryggingin tekur til tjónsatburðar sem verður á tryggingartímabilinu.
- 8.2 Komi afleiðingar atviks sem tjón hefur hlotist af og gerst hefur á tryggingartímabilinu ekki í ljós fyrr en tryggingin er fallin úr gildi greiðir VÍS samt sem áður bætur.
- 8.3 VÍS greiðir ekki bætur fyrir tjón vegna atviks sem varð áður en tryggingartímabilið hófst, enda þótt tjónið komi ekki í ljós fyrr en á tryggingartímabilinu.

9. Hvað bætir tryggingin?

- 9.1 Tryggingin bætir beint líkams- eða munatjón þriðja aðila vegna skaðabótaábyrgðar tryggðs sem fellur á hann sem eiganda húseignar eða húseignarhluta sem tilgreindur er í skírteini eða endurnýjunarkvittun vegna skaðabótaábyrgðar samkvæmt íslenskum lögum. Með munum er átt við fasteign og lausafé, þ.m.t. dýr. Tryggingin bætir tjón að því leyti sem tjónþoli á ekki að bera tjónið sjálfur vegna meðsakur eða meðábyrgðar.
- 9.2 Það er skilyrði skaðabótaábyrgðar samkvæmt ákvæði þessu að líkamstjón eða skemmdir á munum verði raktar til skyndilegs og óvænnts atburðar.

10. Hvað bætir tryggingin ekki?

- 10.1 Tryggingin bætir ekki:
- 10.1.1 Tjón innan samninga, þ.e. tjón sem tryggður ber ábyrgð á vegna vanefnda á samningi.
- 10.1.2 Tjón sem aðilar sem hafa sameiginlegt lögheimili, búa á sama stað eða hafa sameiginlegt heimilishald valda hver öðrum.
- 10.1.3 Tjón sem verður vegna atvinnu tryggðs, hvort sem um er að ræða eigin atvinnurekstur eða arðbæra vinnu í þjónustu annarra.

Ef um **samliggjandi gólfefni** er að ræða bætir tryggingin eingöngu gólfefni í því rými sem tjónið varð.

Samkvæmt íslenskum lögum bera menn **skaðabótaábyrgð** á tjóni sem þeir valda öðrum með saknæmum og ólögætum hætti. Þessi regla er nefnd **sakarregla** og er grundvallarregla í íslenskum rétti. Ef sá sem sóttur er til greiðslu skaðabóta á ekki sök á tjóninu ber hann almennt ekki skaðabótaábyrgð.

Hlutverk ábyrgðartryggingar er að greiða skaðabætur fyrir hinn tryggða ef hann hefur bakað sér skaðabótaábyrgð, að því leyti sem tjónþoli á ekki að bera tjón sitt sjálfur vegna meðsakur eða meðábyrgðar, og einnig greiða kostnað sem hinn tryggði verður fyrir ef skaðabótakrafa er gerð á hendur honum.

Tryggingin nær ekki til tjóns sem tryggður veldur sjálfum sér eða öðrum tryggðum.

Með hugtakinu „**þriðji aðili**“ er hér átt við aðila sem er ekki tryggður undir þessari tryggingu.



- 10.1.4 Tjón á munum sem tryggður hefur til afnota, til geymslu eða eru af öðrum orsökum í hans vörslu, þar á meðal munum sem tryggður hefur undir höndum heimildarlaust.
- 10.1.5 Tjón á munum stafi það af eldsvoða, vatni vegna slökkvistarfs, reyk, sóti eða sprengingu.
- 10.1.6 Tjón á munum sem stafar af sprengingu eða uppgreftri.
- 10.1.7 Sektir, málskostnað eða önnur útgjöld í sambandi við refsímál.
- 10.1.8 Tjón sem verður sökum mengunar lofta, jarðar, gróðurs, sjávar eða vatns. VÍS bætir þó þess háttar tjón ef það verður rakið til eins óvænts og skyndilegs atburðar.
- 10.1.9 Tjón vegna langvarandi raka eða vatnsleka.
- 10.1.10 Tjón sem rekja má til asbests eða efnis sem inniheldur asbest að einhverju leyti.
- 10.1.11 Tjón sem rekja má til PFAS (*e. per- and polyfluorinated alkyl substances*) efna og efnasambanda, hvort sem unnið er með slík efni eða vöru sem innihalda þau.
- 10.1.12 Tjón vegna myglu eða sveppagróðurs.

11. Varúðarreglur

- 11.1 Tryggðum ber að fara í einu og öllu eftir þeim lögum og reglum sem gilda á hverjum tíma um framleiðslu, afhendingu, flutning, geymslu eða varðveislu sprengiefna, eiturs eða annarra álíka hættulegra efna.

12. Tryggingarfjárhæð

- 12.1 Ábyrgð VÍS vegna hvers einstaks tjónsatburðar takmarkast við tryggingarfjárhæð sem tilgreind er í skírteini eða endurnýjunarkvittun. Verði fleiri en eitt tjónsatvik af sömu orsök teljast þau vera af völdum eins tjónsatburðar.
- 12.2 Kostnaður sem til er stofnað með samþykki VÍS til þess að skera úr um bótaskyldu hins tryggða og vextir af bótafjárhæð greiðast, enda þótt greiðsla VÍS fari af þeim sökum fram úr hámarksfjárhæð bóta sem tilgreind er í skírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 12.3 Sé hámarksfjárhæð bóta sem tilgreind er í skírteini eða endurnýjunarkvittun lægri en höfuðstóll kröfu um skaðabætur greiðist aðeins sá hluti kostnaðar og vaxta er svarar til tryggingarfjárhæðar þeirrar sem VÍS ber að greiða.

13. Ákvörðun bóta fyrir líkamstjón

- 13.1 Tryggingin greiðir bætur fyrir líkamstjón þriðja aðila á grundvelli skaðabótalaga nr. 50/1993.

14. Ákvörðun bóta fyrir munatjón

- 14.1 Bætur skulu miðaðar við verðmæti á tjónsdegi.
- 14.2 Ef unnt er að gera við það sem skemmdist vegna tjóns þannig að ástand þess verði svipað og fyrir tjón og viðgerð borgar sig að mati VÍS, getur VÍS annað hvort greitt tryggðum áætlaðan viðgerðarkostnað eða látið gera við það sem skemmdist á kostnað VÍS.
- 14.3 Ef ekki er unnt að gera við það sem skemmdist eða það borgar sig ekki að mati VÍS, getur VÍS greitt bætur í peningum eða útvegað sambærilegan hlut og varð fyrir tjóninu. Hafi VÍS greitt bætur samkvæmt þessari grein áskilur VÍS sér rétt til að gera tilkall til hlutarins sem skemmdist.
- 14.4 VÍS hefur rétt til að greiða mismun á verðmæti þess sem skemmdist eins og það var fyrir tjónsatburð og verðmæti eftir tjónsatburð.
- 14.5 Tryggður skal ekki hagnast á tjónsatburði. Tryggingin skal einungis bæta raunverulegt tjón tryggðs.

15. Staða tjónþola við tjón

- 15.1 Ef trygging tekur til tjóns tryggðs vegna skaðabótaábyrgðar sem hann ber getur tjónþoli krafist bóta beint frá VÍS. VÍS og tryggðum er skylt að upplýsa tjónþola um ábyrgðartryggingu sé hún fyrir hendi.
- 15.2 Ef fram kemur krafa um bætur á hendur VÍS skal tilkynna það tryggðum án ástæðulauss dráttar og veita honum upplýsingar um meðferð kröfunnar. Viðurkenning VÍS á atriðum



sem lúta að ábyrgð er ekki bindandi fyrir tryggðan.

- 15.3 Nú tilkynnir tjónþoli að hann hyggist höfða mál á hendur VÍS og getur VÍS þá krafist þess að hann beini málahöfðuninni einnig gegn tryggðum. Skal VÍS tilkynna tjónþola um þá kröfu sína án ástæðulausrar tafar og á sannanlegan hátt.
- 15.4 Um stöðu tjónþola að öðru leyti vísast til 44. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

16. Meðferð bótakrafna

- 16.1 Tryggðar ber að leita samráðs við VÍS um réttarstöðu sína ef hann er krafinn skaðabóta vegna tjóns sem hann er talinn eiga sök á.
- 16.2 Tryggður má ekki viðurkenna bótaskyldu sína eða gera samninga um bætur án samþykkis VÍS. Viðurkenning tryggða á skaðabótaskyldu skuldbindur aðeins hann sjálfan, en ekki VÍS.
- 16.3 VÍS kemur fram fyrir hönd hinna tryggðu og ræður málsmeðferð allri og annast málsmeðferð fyrir dómstólum ef á reynir. Sama gildir um kröfur um laun fyrir björgun eða aðstoð.

IV. Málskostnaðartrygging

17. Hvenær gildir tryggingin?

- 17.1 Tryggingin tekur til ágreinings sem kemur upp á tryggingartímabilinu, enda hafi hún þá verið í gildi hjá VÍS að minnsta kosti í tvö ár samfleytt. Hafi tryggður haft sams konar tryggingu hjá öðru tryggingafélagi fær hann þá tryggingu reiknaða sér til góða.
- 17.2 Tryggingin tekur einnig til ágreinings ef:
- 17.2.1 Atburðir eða þau atvik sem liggja til grundvallar kröfunni hafa gerst eftir að tryggingin tók gildi.
 - 17.2.2 Tryggður hefur ekki lengur málskostnaðartryggingu eða sambærilega tryggingu þegar ágreiningur kemur upp ef tryggingin hefur verið í gildi þegar þeir atburðir eða þau atvik sem liggja til grundvallar kröfunni gerðust og ekki eru liðin 4 ár frá atburðinum eða atvikinu.

Hlutverk málskostnaðartryggingar er að greiða málskostnað vegna ágreinings í einkamálum.

18. Hvað bætir tryggingin?

- 18.1 Tryggingin bætir málskostnað vegna ágreinings í einkamálum sem snertir tryggðan sem eiganda hinnar tryggðu húseignar eða hluta húseignar og getur komið til úrlausnar héraðsdóms, Landsréttar eða Hæstaréttar hér á landi og er til lykta leiddur með dómi, úrskurði eða dómsátt gerðri skv. 109. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Sé um að ræða ágreining sem ekki verður vísað til dómstóla nema að undangenginni málsmeðferð á öðrum vettvangi tekur tryggingin einungis til kostnaðar sem til er stofnað að lokinni slíkri meðferð. Tryggingin tekur einnig til endurupptöku, ef hún er heimiluð og skilyrði 17. gr. skilmálans eru uppfyllt.

19. Hvað bætir tryggingin ekki?

- 19.1 Tryggingin bætir ekki málskostnað:
- a) Vegna sakamála.
 - b) Vegna ágreinings sem aðeins getur komið til úrskurðar framkvæmdavalds eða sérdómstóla.
 - c) Sem varðar hjónaskilnað eða mál sem upp kunna að koma í sambandi við hjónaskilnað. Sama gildir um mál vegna sambúðarslita.
 - d) Sem er í tengslum við atvinnu eða embættisrekstur tryggðs.
 - e) Sem varðar ábyrgð sem tryggður hefur gengið í þ.m.t. lánsveð í fasteignum.
 - f) Sem varðar fjárhagslegar ráðstafanir sem eru óvenjulegar eða óvenju umfangsmiklar fyrir einstakling eða stafa af því að einstaklingur gengur í ábyrgð fyrir annan.
 - g) Sem varðar kröfu eða annað tilkall sem framselt hefur verið hinum tryggða.
 - h) Sem varðar tryggðan sem eiganda annarrar húseignar eða húseignarhluta en getið er í skírteini eða endurnýjunarkvittun.
 - i) Sem varðar skaðabætur eða aðrar kröfur sem varða verknað sem leiðir til gruns eða ákæru á hendur tryggðum vegna brots sem er saknæmt.
 - j) Sem varðar víxilmál og innheimtumál gegn tryggðum þar sem krafa er



óumdeild eða óumdeilanleg og mál sem snúast um gjaldþrota- eða nauðasamninga þar sem tryggður er sjálfur gjaldþrota eða leitar nauðasamninga.

- k) Sem varðar ágreining tryggða við VÍS.
- l) Ef ekki eru fyrir hendi réttmætir hagsmunir af því að fá dóm í málinu. Slíkir hagsmunir verða t.d. ekki taldir vera fyrir hendi ef umsókn um gjafsókn hefur af þeirri ástæðu verið hafnað eða veiting gjafsóknar verið afturkölluð.

20. Val á lögmanni

- 20.1 Það er skilyrði bótaskyldu að tryggður hafi leitað aðstoðar lögmanns sem tekið hefur málið að sér. Tryggður velur sjálfur lögmann meðal félaga í Lögmannafélagi Íslands. Lögmaður getur ekki farið sjálfur með eigið mál án samþykkis VÍS.
- 20.2 Lögmaður skal tilkynna VÍS þegar hann hefur tekið að sér málið áður en frekar er aðhafst í því. Lögmaðurinn getur þó framkvæmt það í málinu sem ekki þolir bið.

21. Ákvörðun bóta

- 21.1 VÍS greiðir vegna hvers tjóns nauðsynlegan og eðlilegan lögmanns- og málskostnað sem tryggður getur ekki fengið greiddan frá mótaðila eða hinu opinbera þegar málið hefur verið til lykta leitt með dómi eða réttarsátt. Þetta þýðir m.a. að VÍS greiðir ekki ef tryggður gefur frá sér möguleika að innheimta málskostnað frá mótaðila með eða án málsóknar.
- 21.2 Um eitt tjón telst vera að ræða ef hinir tryggðu eiga aðild sömu megin að ágreiningi eða máli. Ef tryggður á í fleiri ágreiningsmálum skulu slík mál talin eitt tjón svo fremi að kröfur þær sem uppi eru hafðar séu í meginatriðum af sömu rót.
- 21.3 Komi upp ágreiningur um réttmæti málflutningsþóknunar ber tryggðum að leggja ágreininginn fyrir úrskurðarnefnd lögmannna.²
- 21.4 VÍS greiðir:
 - a) Þóknun lögmanns og kostnað.
 - b) Kostnað við að afla álitserða ef lögmaður tryggða biður um álitserðina áður en til dómsmáls kemur eða augljóst má telja að dómur yrði ekki lagður á mál án þess háttar álitserðar.
 - c) Kostnað við leiðslu vitna eða aðra sönnunarfærslu fyrir dómstólum.
 - d) Réttargjöld.
 - e) Málskostnað sem tryggði er dæmdur eða úrskurðaður til að greiða gagnaðila af dómstóli við lok máls.
 - f) Málskostnað sem tryggði tekur á sig í réttarsátt að greiða gagnaðila ef augljóst er að dómstóll hefði dæmt hann til að greiða hærri málskostnað ef dómur hefði gengið.
- 21.5 VÍS greiðir ekki:
 - a) Eigin vinnu, tekjuskerðingu, ferða- og dvalarkostnað eða annan kostnað tryggðs.
 - b) Fullnustu dóms, úrskurðar eða samkomulags.
 - c) Aukakostnað sem stafar af því að fengnir eru fleiri lögmennt eða skipt er um lögmann.
 - d) Aukakostnað sem stafar af því að tryggður eða lögmaður hans gerist sekur um vanrækslu í málarekstrinum eða hefur að öðru leyti sýnt af sér vanrækslu.
 - e) Hærri bætur vegna málskostnaðar en sem svarar til stefnufjárhæðar, ef hún er til staðar, en annars sem svarar til fjárhæðar þeirra hagsmuna sem ágreiningur er uppi um, þó aldrei hærri bætur en fjárhæð bóta sem fram kemur í skírteini eða endurnýjunarkvittun.

22. Endurkrafa

- 22.1 Að svo miklu leyti sem bætur vegna tryggingarinnar hafa verið greiddar eignast VÍS rétt hins tryggða til málskostnaðar frá gagnaðila eða hinu opinbera.

²Sbr. 26. gr. laga um lögmennt nr. 77/1998.



Það sem fram kemur á hægri spássíu er eingöngu til leiðbeiningar fyrir viðskiptavini en er ekki hluti af texta skilmálans og ekki ætlað til túlkunar einstakra greina hans.